

HELGI PJETURSS:

Huggun, ást og líffræði.

Kona suður á Þýskalandi, sem mist hefir mann sinn, sýnir mér það traust, að gera ráð fyrir því að eg geti sagt eitt-hvað sem henni sé huggun að. En þó er eftir að vita hvort hún tekur nægilega mikið mark á því sem eg hefi skrifaoð, til þess þess að huggast nokkuð af því. Hjónabandið var eftir því sem kona þessi skrifar mér, mjög gott, og finst henni ærið tómilegt eftir fráfall maka sins, en hann var fræðimaður og rithöfundur. Gibt es ein Wiedersehen? skrifar konan, og virðist vera mjög i efa um, að hún muni, þegar hún deyr, fá að sjá mann sinn aftur. En um það þarf hún ekki að efast. Eg sagði henni, að eg vissi sem náttúrufræðingur, að lífið heldur áfram þrátt fyrir dauðann, og að góðar ástir verða aftur upp teknar. Það er meira, að segja eitt aðalatriði ramlífsins, að fullkomna sambandið milli karls og konu. Ástin eins og hún þekkist hér á Íslandi, er að eins byrjun, jafnvel

þegar best er, og það er mikill misskilningur, þó að hinn mikli heimspekingur Arthur Schopenhauer, haldi því fast fram í hinni frægu ritgerð sinni um heimspeki ástarinnar (Metaphysik der Geschlechtsliebe), að tilgangurinn með samilifi manns og konu sé eingöngu sá að fjlöga mankyninu og að ástin sé ekkert annað en nokkurskonar ginning frá náttúrunnar hendi til þess að varna því að tegundin deyi. Maður og kona geta ekki náð fullum þroska án þess að njóta hvort annars að. Ástin færir elskendurna nær guði, hinum skapandi krafti. Fullkomin ást mundi þýða svo fullkomnið samband við guð, að hrörnun og dauði ætti sér ekki framar stað.

II.

Óteljandi eru þær ástarsögur sem skrifaoðar hafa verið, og eru þær margar að verðleikum frægar. En um skilning á eðli ástarinnar hefir síður verið að ræða, og jafnvel í bók eins og

Man the Unknown (Maðurinn, hin óþekta vera) eftir einn af frægustu liffræðingum, dr. Alexis Carrel, er varla á það efni minst. Og þrátt fyrir alt sem Freud og lærisveinar hans ritá um Libido, þá fæ eg ekki betur séð en að i þessari frægu „Sexualwissenschaft“ nútímans — sem mun vera mest Gyðingaframleiðsla, — vanti einmilt hinn eiginlega skilning á eðli ástarinnar. Og er slikt óumflýjanlegt, ef menn vita ekki, að lifið hér á jörðu er aðeins ófullkomin byrjun, visir til lifs. Og ekki stóðar heldur að halda, að lifið eftir dauðann sé likama-laust. Því að þá er farið á mis við það sem óhætt er að telja aðalatréið i heimsfræði. Sköpunin er tilraun til að hefja efnið til fullkomnumar gera efnið lifandi, skapa fullkomna líkami. Nokkur þekking á því sem jarðfræðin hefir leitt í ljós um hina óralöngu sögu lifsins á þessari stjörnu sem vér byggjum, er góð hjálp til þess að átta sig á því hversu mjög örðugleikar hafa verið á vegi hins skapandi máttar, en einmilt á viðleitni til að ná til æðri og æðri lífmynda. Og manni verður eðlilega að spyrja, hvað kemur á eftir því

sem nú er, hvern ávöxt mun þessi svo erfða viðleitni bera á komandi tínum. Menn hljóta t.d. að spyrja, hvað kemur eftir spendýrastigið, það stig sem mannkynið er nú á, liffræðilega talað. Og þeirri spurningu má svara þegar fenginn er nokkur skilningur á eðli ástarinnar. Þegar ástin hefir náð meiri fullkomnum en hér á jörðu getur orðið ennþá, og sambandið við guð hefir komið á nægilega hátt stig, þá verður barnið til á afslvæði elskendanna; alt i einu er orðin til ný vera, sköpuð til þess að guð geti náð betur tökum á efninu og heimurinn orðið ágætari en áður. Er nú raunar, þegar svo er komið, ekki framar um mann og konu að ræða, heldur guð og gyðju. Og í goðasögum bæði griskum og norrænum, höfum vér fengið nokkrar fréttir af þesskonar ástum, þannig að vel má skilja hvað um er að ræða, þó að sögurnar sé, eins og búast mátti við, nokkuð óljósar. Og fagur vottur eru slíkar sögur um það, að trúin á guðina hefir haft við sannleika að styðjast, en ekki imyndanir einar og heilaspuna.

6.3.

Helgi Pjeturss.